

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	30.11.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Birgir Urbancic
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Elkem, engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsemi Elkem á Grundartanga. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Hráefnageymslur, vörugeymslur og eldsneyti (gr. 2.2 í starfsleyfi)
2. Loft (gr. 2.3 - 2.9)
3. Förgun framleiðsluúrgangs (gr. 2.19)
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

Rekstraraðili fór yfir móttöku hráefna og geymslusvæði þeirra á lóð Elkem. Fram kom að farið væri að þrengja að núverandi hráefnasvæði og kynntar voru áætlanir um stækkun þess til norðurs innan lóðarinnar. Farið var yfir verklag rekstraraðila til að takmarka fok frá hráefnum.

Kynnt var hvernig hreinsun á útblæstri fer fram hjá rekstraraðila. Þar eru þrjú hreinsivirki á mismunandi aldri sem taka við útblæstri frá þremur ofnum verksmiðjunnar. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila eru ýmis umbótaverkefni í gangi til að bæta virkni hreinsivirkjana og sömuleiðis umbótaverkefni til að uppfylla BAT kröfur. Einnig var farið yfir virkni annarra hreinsivirkja hjá verksmiðjunni og áætlanir um endurbætur.

Farið var yfir skipulag úrgangsmála hjá rekstraraðila og verklag við losun í flæðigryfjur.

Umhverfisstofnun upplýsti að farið yrði í endurskoðun á starfsleyfi Elkem í upphafi nýs árs í samræmi við áætlun stofnunarinnar um endurskoðun starfsleyfi ál - og kísilvera með tilkomu nýrra BAT niðurstaða. Einnig kom fram að stefnt væri að samráðsfundi með Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Hvalfjarðarsveit um eða eftir miðjan desember.

Farið var í skoðunarferð um hráefnasvæði og í ofnhús og ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.12.2022

Sigríður Magnúsdóttir